# Byggingafélag námsmanna - Bjarkavellir 5, Hafnarfirði




Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

01 MARS 2006

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

## Skipulag umhverfis - stutt greinargerð

Teikningin sýnir megin drætti í skipulagi lóðar og umhverfis við þyrpingu fjölbýlishúsa með námsmannaíbúðum að Bjarkavöllum 5 í hafnarfirði. Skipulagið byggir á deiliskipulagi í öllum megin dráttum varðandi t.d. aðkomu, bílastæði, stígakerfi og dvalar- og þjónustusvæði. Frá bílastæðum er opnað á möguleika fyrir hringakstur þjónustubíla inn í miðgarð húsanna, en þar eru einnig tveir af fjórum sorpeiningum á svæðinu staðsettar. Umferð verður stýrt með læstum hliðum gerist þess þörf.

Í miðgarðinum er að öðru leiti gert ráð fyrir aðkomu húsa sunnan megin lóðar, ásamt dvalarsvæðum fyrir íbúa. Vikið er frá ákvæðum skipulagsreglugerðar hvað varðar leiksvæði á lóð þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn búi í þessum námsmannaíbúðum. Aftur á móti er gert ráð fyrir dvalarsvæði þar sem komið verði fyrir borðum, bekkjum o.þ.h. ásamt aðstöðu til einhvers konar líkamsæfinga.

Gert er ráð fyrir að verðaveita að nokkru leiti hraunmyndanir á svæðinu, sérstaklega þar sem þær standa upp úr aðliggjandi landhæðum. Þá verður einnig notast við mulið hraungrýti sem yfirborðsefni víða á "umferðareyjum" í tengslum við stíga á lóð. Þó er gert ráð fyrir grasflöt í miðgarði.

Leitast er við að skapa næði og skjól framan við verandir íbúða með notkun á skjólgróðri, sérstaklega þó þar sem verandir snúa að almennum göngustígum og bílastæðum. Þá er og sköpuð hlýleg umgjörð svæðisins með stökum vetrargrænum trjám inni á lóð og lauftrjám meðfram bílastæðum.

Inni í miðgarði verða ljóspollar/ garðljós meðfram aðal göngustíg, en ljósastolpar 4-5m háir meðfram bílastæðum og aðkomusvæðum.

Akfærir stígar og stígar meðfram bílastæðum verða malbikaðir en aðrir minni, ásamt veröndum og dvalarsvæði verða hellulögð.

22. feb. 2006

Hermann Ólafsson
landslagsarkitekt FÍLA

### Skýringar

- lauftré
- sígrænt barrtré
- runnar/ skjólgróður
- ljósastaurar háir
- lágir ljósastaurar "pollaljós"
- niðurfall / svelgir
- náttúrulegt, verndað hraun
- hellulagt svæði

22/2 '06
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Byggingafélag námsmanna

## BJARKAVELLIR 5

Skipulag lóðar/ umhverfis
- grunnmynd

mkv. 1:250 (A1)
22. feb. 2006
teiknað af: H.Ó.
samþ.

verk nr. 2005-36
teikn. nr. L-01

Landhönnun slf
Hermann Ólafsson landslagsarkitekt FÍLA
Austurvegi 42 - 800 Selfoss
s. 482 3300, 896 1809 - landhonnun@simnet.is